

## Fréttatilkynning

**Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2012 voru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 11. apríl 2013.**

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 668,9 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 46,2 m. kr., voru 556,1 m.kr. **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 112,8 m.kr.**

Að teknu tilliti til niðurstöðu fjármunatekna og -gjalda, að fjárhæð 40,2 m.kr., í gjöld umfram tekjur, kemur í ljós að **samstæðan öll var rekin með 72,5 m. kr. hagnaði árið 2012.**

Í sjóðstreymi samstæðunnar sést þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum að **veltufé frá rekstri er jákvætt um 149,6 m.kr.**, sem er 22,4 % af heildartekjum og þegar breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru meðreiknaðar er handbært fé frá rekstri jákvætt um 113,4 m.kr. Þetta fjármagn gengur til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána samtals að fjárhæð 149,5 m.kr..

Handbært fé í árslok ársins 2012 er 120,0 m.kr. en var í upphafi ársins 156,1 m. kr. og lækkaði því á árinu um 36,1 m.kr.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 9,8 % eða úr 464,1 m. kr. 2011 í 509,9 m.kr. árið 2012. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda/tekna hækka um 263 % eða úr 364,4 m.kr. 2011 í 596,3 m.kr. árið 2012. Þetta skýrist af langstærstum hluta af því að sveitafélagið seldi eignarhlut sinn í HB Granda á árinu 2011. Af þeim sökum voru fjármagnsliðir jákvædir um 144,5 m.kr. árið 2011, samanborið við 40,5 í gjöld árið 2012.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,3 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % af heildartekjum og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi Vopnafjarðarhrepps árið 2012 er þetta skuldahlutfall 100,8 %. Annað viðmið, sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 87,7 % í ársreikningi 2012. Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2012. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 717,0 m. kr. í 675,0 m.kr. eða um 42,0 m. kr.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings geta Vopnfirðingar horft björtum augum til framtíðar.

Ljóst er þó að halda þarf fast um stjórnvölinn til þess að settum markmiðum verði náð.

Vopnafirði 11. apríl 2013

Þorsteinn Steinsson,

sveitarstjóri

Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN  
VOPNAFIRÐI

## Vopnafjarðarhreppur-Ársuppgjör 2012

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2012 var lagður fram til fyrri umræðu í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 11. apríl 2013. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn, síðari umræða verður um ársreikninginn á hreppsnefndarfundi fimmtudaginn 18. apríl nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2012 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A- hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B- hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B- hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Lyfsala, Skiphólmi ehf. og Arnarvatn ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.



Helstu niðurstöður ársreiknings 2012 eru eftirfarandi:

### **Vopnafjarðarhreppur, ársuppgjör 2012**

<b>Rekstrarreikningur ársins 2012:</b>	<b>Sjóðir í A-hluta</b>		<b>Samantekið A- og B-hluti</b>	
	<b>2.012</b> <b>þús. Kr.</b>	<b>2.011</b> <b>þús. Kr.</b>	<b>2.012</b>	<b>2.011</b>
<b>Tekjur:</b>				
Skatttekjur	288.035	263.730	285.797	261.328
Framlafg Jöfnunarsjóðs	123.344	134.561	123.344	134.561
Aðrar tekjur	78.828	69.953	259.787	220.805
<b>Samtals tekjur</b>	<b>490.207</b>	<b>468.244</b>	<b>668.928</b>	<b>616.694</b>
<b>Gjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld	261.457	252.285	278.378	267.147
Annar rekstrarkostnaður	188.640	183.463	231.522	194.582
<b>Samtals gjöld</b>	<b>450.097</b>	<b>435.748</b>	<b>509.900</b>	<b>461.729</b>
<b>Rekstrarniðurstaða (EBITDA)</b>	<b>40.110</b>	<b>32.496</b>	<b>159.028</b>	<b>154.965</b>
Afskriftir	-	26.796	-	44.699
	<b>2.012</b>	<b>2.010</b>	<b>2.012</b>	<b>2.010</b>

<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>13.314</b>	<b>6.440</b>	<b>112.801</b>	<b>110.266</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-	2.706	95.948	-
Framlög til B-hluta	-	-	-	-
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>10.608</b>	<b>102.388</b>	<b>72.521</b>	<b>254.748</b>

**Efnahagsreikningur:** **Sjóðir í A-hluta** **Samantekið A- og B-hluti**

	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>
Fastafjármunir	781.718	760.637	1.073.773	995.936
Veltufjármunir	246.842	226.519	200.909	226.645
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.028.560</b>	<b>987.156</b>	<b>1.274.682</b>	<b>1.222.581</b>
	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>31.12..2012</b>	<b>31.12.2011</b>
Eigið fé	547.692	515.438	599.722	505.555
Lífeyrisskuldbinding	52.076	49.727	52.076	49.727
Aðrar skuldbindingar	12.189	7.725	12.189	7.725
Langtímaskuldir	132.346	143.941	483.848	512.581
Skammtímaskuldir	284.256	270.325	126.846	146.993
Skuldir og skuldbindingar samtals	480.867	471.718	674.959	717.026
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.028.559</b>	<b>987.156</b>	<b>1.274.681</b>	<b>1.222.581</b>

**Sjóðstreymi:**

	Sjóðir í A-hluta			Samantekið A- og B-hluti	
		2012	2011	2012	2011
Veltufé frá rekstri	48.531	3.944		149.626	74.441
Handbært fé frá rekstri	15.463	18.173		113.438	82.917
Fjárfestingahreyfingar	-	25.717	347.319	-	486.946
Fjármögnunarhreyfingar	-	25.145	-	45.803	-
Hækkun(lækkun) handbærs fjár	-	35.399	230.036	-	433.227
Handbært fé í upphafi árs	154.935	19.479		156.123	19.488
Handbært fé í lok árs	119.536	154.935		120.041	156.124

